

Skilgreining verkefna - fylgirit

1 Skíðavikan – árlegur viðburður um páskana.

Vinna við atburði í tengslum við vikuna í samstarfi við atvinnumálaneftnd og/eða verkefnisstjóra. Viðkomandi félög sjá um að skipuleggja og framkvæma eftirfarandi viðburði:

Páskaeggjamót: Panta páskaeegg og ganga frá samningum við styrktaraðila um það. Koma eggjunum á sinn stað. Vera í sambandi við svæðisstjóra um hvar mótið verði haldið, útbúa brautir á Seljalandsdal og í Tungudal. Fá lánuð tæki og tól sem til þarf við brautargerð. Sjá um framkvæmd mótsins og afhenda páskaeggin. Ganga frá að móti loknu. Mótið er ætlað 12 ára og yngri. Ef samningur fæst ekki við styrktaraðila gæti mótið fallið niður.

Garpamót: Vera í sambandi við svæðisstjóra um hvar mótið verði haldið, útbúa brautir á Seljalandsdal og í Tungudal. Fá lánuð tæki og tól sem til þarf við brautargerð. Sjá um framkvæmd mótsins og afhenda verðlaun/páskaegg fyrir fyrstu þrjú sætin í hverjum flokki. Kaupa páskaeggin. Ganga frá að móti loknu. Mótið er ætlað 30 ára og eldri.

Furðufatadagur: Umsjón með grilli. Útvega hráefni, grill og vinna við grillun og sölu. Útvega borð og fá leyfi fyrir rými undir söluna. HSV/félagið fær ágóðann af sölunni.

Snjóbrettamót: Vera í sambandi við svæðisstjóra um hvar mótið verði haldið og útbúa braut í Tungudal. Fá lánuð tæki og tól sem til þarf við framkvæmdina. Sjá um framkvæmd mótsins og afhenda verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í stelpu- og strákaflokki. Kaupa verðlaun. Ganga frá að móti loknu. Mótið er ætlað unglungum 12 ára og eldri.

Fjallaskíðamót. Vera í sambandi við svæðisstjóra og skíðavikustjóra um hvar mótið verði haldið. Fá lánuð tæki og tól sem til þarf við framkvæmdina. Sjá um framkvæmd mótsins og afhenda verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin. Kaupa verðlaun. Ganga frá að móti loknu. Mótið er öllum opið.

Skíðaskotfimi: Vera í sambandi við svæðisstjóra um hvar mótið verði haldið, útbúa brautir á Seljalandsdal og í Tungudal. Fá lánuð tæki og tól sem til þarf við brautargerð. Sjá um framkvæmd mótsins og afhenda verðlaun. Ganga frá að móti loknu.

Kakósala á setningunni: Útvega og sjá um söluna. Útvega borð og fá leyfi fyrir rými undir söluna. HSV/íþróttafélag fær ágóðann af sölunni.

Flöggun á skíðasvæðinu og Ísafirði á meðan á skíðaviku stendur í samstarfi við þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar, sem setur upp og útvegar fánastangir og íslenska fána. Fánar dregnir upp að morgni og niður að kvöldi frá miðvikudagskvöldi til mánudagskvölds.

2 Þrif á fjörum að vori.

Ísafjörður - frá flugvelli að Skarfaskeri. Verkið skal unnið að vori eða snemsumars. Ganga þarf fjörurnar þegar fallið er út og tína allt það sem fjarlægja má með handaflí. Koma ruslinu inn í Funa eða á gámasvæði á vegum Ísafjarðarbæjar.

Suðureyri - hafnarsvæðið frá gámasvæði að brjót. Verkið er unnið fyrir Sæluhelgi á Suðureyri. Ganga þarf fjörurnar þegar fallið er út og tína allt það sem fjarlægja má með handaflí. Koma ruslinu í Funa - eða gámasvæði á vegum Ísafjarðarbæjar.

655
ff

Verkefnasamningur Ísafjarðarbæjar og Héraðssambands Vestfirðinga

Flateyri - í kringum eyrina. Verkið unnið að vori. Ganga þarf fjörurnar þegar fallið er út og tína allt það sem fjarlægja má með handaflí. Koma ruslinu í Funa eða á gámasvæði á vegum Ísafjarðarbæjar.

Þingeyri - í kringum byggðina. Verkið skal unnið fyrir Dýrafjarðardaga. Ganga þarf fjörurnar þegar fallið er út og tína allt það sem fjarlægja má með handaflí. Koma ruslinu í Funa eða á gámasvæði á vegum Ísafjarðarbæjar.

3 Umsjón með golfvöllum

Hafa umsjón með golfvöllunum í Tungudal og Meðaldal. Sjá um nauðsynlegt viðhald á völlunum s.s. slátt, vökvun og áburðargjöf. Halda svæðunum snyrtilegum.

Til viðbótar fá félög/félagið rekstrarstyrk, eitt stöðugildi á hvorn golfvöll í 5 mánuði, greiddan beint frá Ísafjarðarbæ. Laun eru greidd miðað við launaflokk 121 samkvæmt samflotssamningum. Þá fá þeir unglings frá Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar til aðstoðar við umhirðu vallanna þær 10 vikur sem hann starfar. Unglingarnir verða í umsjón þeirra meðan á vinnu þeirra stendur.

Sjá um slátt og aðra umhirðu á púttvellinum á Torfnesi sem hér segir. Völliinn skal slá þrisvar í viku frá 15. maí til 15. september. Áburð skal bera á völliinn 5 sinnum yfir sumarið og hann gataður einu sinni yfir sumarið. Völlurinn verði slæsaður tvisvar yfir sumarið og sandaður a.m.k. 2. sinnum yfir sumarið. HSV ber ábyrgð á að völlurinn verði vökaður eins og nauðsynlegt er. Ísafjarðarbær mun sjá um kaup á áburði, fræi og sandi og leggja til áburðardreifara. Ísafjarðarbær mun sjá um hreinsun á runnum og umhverfi vallarins. HSV sér upp opnun og lokun á vellinum frá 15. maí til 15. september.

4 17.júní

Vinna við uppsetningu sviðs á hátíðarsvæði, þrif meðan á hátíðinni stendur og að henni lokinni, flöggun, flutning hljóðkerfis á svið hátíðarsvæðis, halda úti ratleik, sjá um kassabílarallý, andlitsmálningu og önnur tilfallandi verk sem verkefnisstjóri hátíðarinnar felur þeim. Setji upp snyrtileg sölutjöld, sjá um söluna, útvega aðföng og búnað sem til þarf. HSV/íþróttafélag fær ágóðann af sölunni. Sölutjöld skulu vera í gangi að hátíð lokinni, ef kvölddansleikur er á öðru svæði en hátíðarsvæði þarf einnig að setja upp sölutjald/sölubás þar.

5 Þrif eftir áramót

Þrif á flugeldum og drasli. Verkið unnið fyrstu daga janúarmánaðar, 2. eða 3. janúar. Þrífir eru í öllum byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar og skulu allar götur og opin svæði hreinsuð. Koma ruslinu í Funa eða á gámasvæði Ísafjarðarbæjar.

GS
A

6 Vinna við knattspyrnusvæði

Umsjón með vallarsvæðinu á Torfnesi. Umsjónin er á ársgrundvelli. Gæsla á leikjum bæði á velli og inni í húsi og merking vallar fyrir leiki. Sjá um að opna og loka vallarhúsi/íþróttahúsinu á Torfnesi fyrir og eftir leiki/æfingar sem fram fara utan venjulegs dagvinnutíma. Ganga frá og þrifa svæðið eftir leiki. Gæsla á leikjum í Vallarhúsi og íþróttahúsinu á Torfnesi þegar við á. Halda auglýsingaskiltum í þannig ástandi að þau séu svæðinu til sóma. Útvega starfsmann á völlinn sem samsvarar einum mánuði og starfar með umsjónarmanni vallarins. Sjá um kvöldvökun á vellinum í samráði við vallarstjóra.

7 Vorþrif

Þrif á Eyrinni Frá Túngötu niður að hafnarsvæði. Verkið unnið í apríl eða maí. Rusl á götum gangstéttum og úr beðum hreinsað. Koma ruslinu í Funa eða á gámasvæði Ísafjarðarbæjar.

8 Gróðursetning

HSV mun standa fyrir gróðursetningardagi á svæðum í samráði við Skógræktarfélag Ísafjarðar og umhverfisfulltrúa. HSV sækir um í umhverfissjóð UMFÍ og aðra viðlíka sjóði til að fjármagna plöntukaup. Umfang gróðursetningarnar fer alfarið eftir því hvernig tekst til við fjármögnun.

GSS
JG